

Skýrsla landsmótsstjóra.

Landsmót ÆSKÞ á Egilsstöðum 26. – 28. október



Landsmót ÆSKÞ var að þessu sinni haldið á Egilsstöðum helgina 26. – 28. október 2018. Yfirskrift mótsins var Leikandi Landsmót og þemað leikir og notkun leikja til að rjúfa félagslega einangrun. Í ár horfum við í eigin barm, hver erum við og hvað skiptir okkur máli og hvernig eflum við samskipti okkar við náungan. Margir unglingar glíma við félagslega einangrun jafnvel þó svo að framboð af afþreyingu hafi sjaldan verið meira. Margir sáu tölvur og síma sem lausn, með því að sökkva sér inn í þann heim þarf ekki að takast á við þau fjölmörgu og flóknu verkefni sem félagsleg samskipti eru.

Á mótinu vildum við gefa unglungunum okkar tækifæri til að læra nýja leiki, reyna að hjálpa þeim að opna sig og njóta staðar og stundar í algleymingi góðs leiks og samveru stundar með vinum. Í leikjum lærum við að treysta bæði okkur sjálfum en líka náunganum.

Við erum sköpunarverk Guðs og líkt og þegar við leggjum okkur fram við að vernda náttúruna þá skiptir máli að við leggjum okkur fram um að vernda, styrkja og efla okkur sjálf. Að einstaklingurinn fái að blómstra.

Yfirskrift mótsins í ár minnir okkur á lífið og hvað það skiptir miklu máli að geta leikið sér, fjársjóðinn sem fellst í því að vera Guðs barn.

Tengsl við hjálparstarfið

Undanfarin ár hefur verið mjög gott samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar í tengslum við landsmótið. Í ár var engin breyting á því og fengu þátttakendur landsmótsins fræðslu um verkefni hjálparstarfsins í henni var meðal annars kynning á gjafabréfunum Gjöf sem gefur. Fyrir ágóðann af sjoppusölu á mótinu voru keypt 13 gjafabréf sem hjálpa ungu fólki sem býr við erfiðar aðstæður að stunda tómstundastarf. Hjálparstarfið úthlutar gjafabréfunum eftir þörfum.



Mótsnefnd

Sigurður Óskar Óskarsson, framkvæmdarstjóri ÆSKÞ

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, landsmóststjóri

Eva Björk Valdimarsdóttir, formaður ÆSKÞ

Katrín Helga Ágústsdóttir, gjaldkeri ÆSKÞ

Daníel Ágúst Gautason, sjoppa

Kristján Ágúst Kjartansson, tæknimál

Konný Björk Jónsdóttir, umsjón vakta og MIP

Sóley Adda, hæfileikakeppni

Jens Elí Gunnarsson, sjoppa og tæknimál

Sigríður Rún Tryggvadóttir, fulltrúi heimabyggðar/fræðsla

Bjarni Heiðar Jóhannsson, bílstjóri og umsjón með MIP

Margrét Heba Atladóttir, umsjónarmaður sjálfboðaliða

Herdís Ingvarsdóttir umsjónarmaður leikjadagskrár og MIP

Undirbúningur

Það liggur mikil vinna á bak við eitt stykki landsmót. Þrátt fyrir að landsmót sé haldið á hverju ári og mikil reynsla til staðar þá eru mörg handtökin þegar mót eins og þetta er skipulagt. Meiri hluti nefndarinnar vinnur þetta í sjálfboðavinnu og er það algjörlega ómetanlegt. Undirbúningurinn hjá nefndinni hófst formlega með ferð okkar


Evu Bjarkar og Sigga til Egilsstaða 20. apríl. Sigga Rún prestur á Seyðisfirði og fulltrúi heimabyggðar tók á móti okkur. Dagurinn var vel nýttur og heimsóttum við grunnskólann, íþróttahúsið, sundlaugina, félagsmiðstöðina, Hótel Valaskjálfr ásamt því að aka rúnt um svæðið í kring. Aðstæður voru fínar og vel tekið á móti okkur á öllum stöðum. Eftir þessa heimsókn var hægt að kortleggja næstu skref. Í undirbúningum er nánast nauðsynlegt að heimsækja landsmótsstaðinn til að gera sér vel grein fyrir aðstæðum. Eftir heimsóknina austur fundaði öll nefndin jafnt og þétt fram að móti því af nægu var að taka. Allir í hópnum voru staðráðnir í að gera Leikandi landsmót að góðri upplifun fyrir unglíngana í æskulýðsstarfinu. Samið var við hina ýmsu aðila um þjónustu. Grunnskólinn var nýttur í gistingu, félagsmiðstöðin nýtt í gistingu í eina nótt fyrir sjálfboðaliða. Dagskrá mótsins fór nánast öll fram í íþróttahúsi þ.e kvöldvökur, helgístundir, fræðsla, hæfileikakeppni, ball og leiki. Í sundlauginni var sundlaugarpartý á föstudegi og tókst það afar vel. DJ Atlas sá um fjörið og var hann algjörlega frábær. Leikjastöðvar voru einnig í skólanum og á útsvæði skólans. MIP ratleikur hófst í íþróttahúsi en var svo um allan bæinn enda mikið lagt upp úr því að unglíngarnir upplifðu traust til að njóta sín frjálslr um bæinn. Samið var við Hótel Valaskjálfr til að sjá um matinn á mótinu og var maturinn þar á staðnum.



Fræðsla

Sigríður Rún Tryggvadóttir prestur á Seyðisfirði sá um fræðsluna. Krakkarnir voru beðin um að koma með mynd af sér á mótið en myndina límdu þau á renning sem komið var fyrir á gólfinu. Þau skrifuðu svo undir sína mynd eitthvað tvennt sem einkenndi þau. Síðan fundu þau eitthvað sem tengdi þau við aðra á renningnum og tengdu með lit á milli. Í lok verkefnisins var mynd af Jesú sett á mitt spjaldið og þar gátu allir tengt sig. Hugsunin var að tengjast öðrum og tengja sig við Jesú. Öll á mótinu áttu því eitthvað sameiginlegt. Þessi hópavinna var ákaflega skemmtileg og góð leið til að ná til unga fólksins. Í þessu verkefni urðu þau öll svo virk og tóku vel

Þátt. Verkefnið hafði líka svo góða tengingu við þema mótsins “Leikandi landsmót” og að rjúfa félagslega einangrun.



Hvísilhorn

Hjalti Jón, Sigga Rún og Inga Harðardóttir sáu um hvísilhornið. Hvísilhornið er einn af mikilvægum föstum dagskrárlíðum landsmóts.

Hljómsveit

Hjalti Jón Sverrisson, Kolbrún Edda Jensens og ? sáu um tónlistina í helgistundum mótsins.

Helgistundir

Á föstudeginum sá Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir djákni í Gleráarkirkju um helgistundina og á laugardeginum Sighvatur Karlsson prestur á Húsavík.

Messan

Prestar í Egilsstaðaprestakalli þau Þorgeir Arason, Ólöf Margét Snorradóttir og Sigríður Rún Tryggvadóttur ásamt Solveigu Láru Guðmundsdóttur vígslubiskupi sáu um messuna á sunnudeginum. Messan var með nokkuð hefðbundnu sniði, hljómsveit mótsins leiddi tónlistina en í lokin fengu allir mótsgestir fararþessun og smurningu.

Sjálfbóðaliðarnir

Sjálfbóðaliðar mótsins voru algjörlega ómissandi og stóðu sig gríðarlega vel þrátt fyrir að vera öll í yngri kantinum miðað við fyrri mót. Þau fengu mörg krefjandi verkefni sem þau leystu eins vel og þau gátu. Sjálfbóðaliðar er hópur ungmenna sem sjálf hafa verið í æskulýðsstarfinu en eru orðin of gömul til þess að vera þátttakendur

en vilja samt vera með. Það er því mikilvægt að hafa í huga í framtíðinni að hafa verkefni sjálfbóðaliða þannig að þau séu vel viðráðanleg og að sjálfbóðaliðar haldi áfram að njóta sín í kirkjustarfinu.



Framkvæmdastjóri, landsmótsstjóri og landsmótsnefndin unnu ákaflega vel saman. Hver og ein einasta manneskja í nefndinni var ómissandi. Allir höfðu sín verkefni og hlutverk en á sama tíma gengu allir í þau verk sem þurfti að vinna. Nefndin tókst á við krefjandi verkefni og leysti þau öll farsælllega úr hendi. Það er ógleymanlegt og alls ekki sjálfgefið að vinna með hópi af fólki sem vinnur eins og vel smurð vél að gera svona mót mögulegt. Einnig má hafa í huga að til að landsmót eins og þetta geti átt sér stað vegur velvild sveitarfélaganna þungt. Án þeirra stuðnings og framlags í formi láns á húsnæði væri ekki fjárhagslega mögulegt að halda slíkt mót. Við erum því afar þakklát sveitarfélaginu á Egillstöðum fyrir góðar móttökur á landsmóti.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,

landsmótsstjóri ÆSKÞ 2018